

Úrskurður nr. 2/2010.

Kærð er tollflokkun tollstjóra á, iPod Touch 4th Generation, sem birt var í Bindandi álitum um tollflokkun vöru nr. 10 005. Kærandi krefst þess að flokkun tollstjóra verði felld úr gildi og varan verði tollflokkuð sem gagnavinnsluvél. Ríkistollanefnd staðfesti niðurstöðu tollstjóra.

Með bréfi til ríkistollanefndar, dags 9. mars 2010, kærir L. f.h. A., tollflokkun sem birt var í Bindandi álitum um tollflokkun vöru nr. 10 005. Í hinu kærða álitum er iPod touch tollflokkuð í tnr. 8521.9029. Kærandi krefst þess að flokkun tollstjóra verði felld úr gildi og varan verði tollflokkuð í tnr. 8471.3000. Til vara krefst kærandi þess að ríkistollanefnd tollflokki vöruna í tollflokk með sambærilegum lófatölvum frá öðrum framleiðendum.

Í hinu kærða álitum tollstjóra nr. 10 005 frá 9. febrúar 2010 segir: Ofangreind vara, iPod Touch, er hljóð- og myndflutningstæki. Í ljósi meginvirkni tækisins tollflokkast það í tollskrárnúmer 8521.9029 með vísan til almennra reglna um túlkun tollskrár. nr. 1 og 6.

Kærandi mótmælir þessari niðurstöðu tollstjóra í kærðu sinni til ríkistollanefndar. Hann undirstrikar að iPod touch sé allt annað fyrirbæri en hið fræga afspilunartæki iPod. Hann telur að með öllum líkindum megi rekja þann ágreining sem uppi sé í máli þessu til þess að umræddum vörum hafi verið ruglað saman. Kærandi vill því taka af allan vafa um að hér sé um allsendis eðlisólíkar vörur að ræða.

Kærandi telur að úrskurður tollstjóra sé rangur. Aðilar eru sammála um að varan uppfylli skilyrði þess að teljast gagnavinnsluvél. Þá greinir hins vegar á um hvort heimilt sé að fara út fyrir skilgreiningu tollskrár á gagnavinnsluvél og ef slíkt sé heimilt hvaða áhrif það hafi.

Kærandi telur rétt að áréttu í stuttu máli hvað átt sé við með sjálfvirkri gagnavinnsluvél og hvernig hún sé skilgreind í tollskrá. Með sjálfvirkri gagnavinnsluvél sé almennt átt við það sem í daglegu tali kallast tölva. Eru umræddar vélar skilgreindar undir vörulið 8471 í tollskrá. Í skýringum Alþjóðatollastofnunarinnar við vörulið 8471 komi fram að undir hann flokkist m.a. sjálfvirkar ferðagagnavinnsluvélar. Nánari skilgreiningu sé að finna í 5. A. í 74. tl. 1. gr. auglýsingar nr. 142/2006 (A-deild Stjórnartíðinda, gildistöku dagur 1. janúar 2007) þar sem fram kemur:

5. A. Sem sjálfvirkar gagnavinnsluvélar í nr. 8471 teljast vélar sem geta:

- 1. geymt vinnsluforrit eða forrit og að minnsta kosti þau gögn sem beint eru nauðsynleg til að láta forritið vinna;*
- 2. verið auðveldlega forritaðar í samræmi við óskir notandans;*
- 3. framkvæmt talnaútreikning samkvæmt ákvörðun notandans;*
- 4. framkvæmt, án mannlegra afskipta, vinnsluforrit sem gerir ráð fyrir að þær geti breytt úrvinnslu sinni með rökrænni ákvörðun á meðan á vinnslu stendur.*

Í Brusselskránni er sjálfvirkri gagnavinnsluvél lýst sem svo að um er að ræða tæki, sem með rökrænni ákvörðun forrita, lætur í té gögn sem hægt er að nota sem slík, eða í sumum tilvikum gögn sem aftur eru notuð í annars konar gagnavinnslu. Til að hægt sé að fella tæki undir þessa skilgreiningu kemur fram að hún þarf að geta uppfyllt nákvæmlega þær kröfur sem fram koma í 5. A. í 74. tl. 1. gr. auglýsingar nr. 142/2006.

Einnig sé áréttað í Brusselskránni að sjálfvirk gagnavinnsluvél hafi vinnsluminni sem og forrit sem framkvæma mismunandi aðgerðir eftir vali jafnt og að geta unnið gögn á forrituðu máli, (t.d. binary code).

Kærandi telur að vél sú sem hér er deilt um tollflokkun á uppfylli öll þessi skilyrði og sé ekki ágreiningur um það í málinu. Kærandi gerir samt ítarlega grein fyrir vörunni til að sýna vinnslueiginleika hennar. Varan heitir iPod touch. Minni vörunnar er til í tveimur útfærslum; 8GB eða 16GB. Líftími rafhlöðu er allt að 22 tímar. Tengja má við hana með tölvutengi (dock conector) m.a. USB tengi og hljóð tengi (mini jack). Þráðlaust Wi-Fi nettenging með hraðanum 802.11b/g). Hleðslutími 3 stundir. Varan getur spilað tónlist, sýnt myndir og kvikmyndir allt af algengustu tegundum forrita (mp3, jpeg og .mov svo eitthvað sé nefnt). Bæta má forritum við vöruna en í staðal útgáfu er hún m.a. með internetvafra (af tegundinni Safari sem er almennt í Apple tölvum en á honum má gera allt hvaðeina sem alla jafna má gera á internetinu t.a.m. lesa blöð, fá og senda tölvupóst, heimsækja heimasíður o.s.frv.), reiknivél og dagbók. Stærð vörunnar er 110x61,8x8 mm. Þyngd vörunnar er 120 gröm. Skjár vörunnar er 3,5 tommur og er upplausn hans 480x320 pixlar. Lyklaborð vélarinnar er innbyggt og með 14 tungumálaútfærslum en valmöguleikar eru almennt á 17 tungumálum.

Þá bendir kærandi á að tölvan, eins og hún er flutt inn, framkvæmir ótal verkefni og hefur margþætt notagildi eins og aðrar tölvur almennt. Þá má nefna að tölvan getur geymt vinnsluforrit eða forrit og þau gögn sem beint eru nauðsynleg til að láta forritið vinna; tölvuna má auðveldlega forrita í samræmi við óskir notandans; tölvan getur framkvæmt talnaútreikning samkvæmt ákvörðun notandans; þá getur tölvan framkvæmt, án mannlegra afskipta, vinnsluforrit sem gerir ráð fyrir að tölvan geti breytt úrvinnslu sinni með rökrænni ákvörðun á meðan á vinnslu stendur.

Kærandi telur að allt sé í samræmi við skilgreiningu tollskrár á umbeðinni tollflokun. Þá megi jafnframt benda á að bæta má í tölvuna forritum, eins og í aðrar tölvur, og eru slík forrit nú þegar fáanleg og má hlaða þeim niður af internetinu þráðlaust. Þannig kunna með tíð og tíma að bætast í tölvuna ótal forrit og möguleikar hennar geta þar með aukist.

Það sé því ljóst að öll skilyrði þess að varan teljist til sjálfvirkrar gagnavinnsluvélar séu uppfyllt. Kærandi vill ítreka að tollstjóri hafi ekki mótmælt þessari vörulýsingu sinni. Þá vekur kærandi athygli á að við umræddan tollflokk komi hvergi fram að vara þurfi að vera gerð eingöngu eða aðallega til ákveðinna nota.

Þá vísar kærandi til þess að Ísland sé aðili að alþjóðlegum samningi um samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskrá sem tók gildi 1. janúar 1988. Með lögum nr. 96/1987, um breytingu á þágildandi tollalögum, nr. 55/1987, hafi verið tekin upp tollskrá sem byggir á tollflokunarreglum samræmdu skrárinnar. Alþjóðatollastofnunin gefi út skýringarbækur og álit um túlkun samræmdu skrárinnar. Þau tollskrárnúmer sem hér sé deilt um séu byggð á skiptingu samkvæmt samræmdu skránni og því beri að líta til skýringargagna Alþjóðatollastofnunarinnar við túlkun þeirra.

Í upphafi tollskrárinnar sé að finna almennar reglur um túlkun hennar sem ber að fylgja. Þessar túlkunarreglur hafi lagagildi líkt og aðrir hlutar tollskrárinnar, sbr. viðauka I við tollalög nr. 88/2005. Fyrst og fremst beri að fara eftir fyrstu reglunni og í framhaldi beita þeim síðari (og þá í rétttri númeraröð) þegar ekki er hægt að flokka vöru eftir fyrri reglum. Í 1. tl. kemur fram að fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum séu einungis til leiðbeiningar.

Í lagalegu tilliti skal tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemdum við tilheyrandi flokka eða kafla og ef það brýtur ekki í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgt nánari reglum. Af þessu er ljóst að það er fyrst og fremst orðalag sem ræður tollflokkun. Veiti orðalag tollskrár eða túlkunarreglur ekki heimild til þess að leita út fyrir texta tollskrár er því ljóst að slíkt er óheimilt.

Þá segir í kærinni að aðilar séu sammála um að varan uppfylli skilyrði þess að vera gagnavinnsluvél. En að mati tollstjóra uppfyllir varan einnig öll skilyrði þess að vera afspilunartæki og er því ekki mótmælt hér. Við árekstra tveggja eða fleiri vöruliða ber að beita áðurnefndum túlkunarreglum.

Í túlkunarreglu 3. a. kemur fram hvornig skuli aðhafast þegar til álita kemur að telja vörur til tveggja eða fleiri vöruliða. Í þeim tilfellum skal vöruliður sem felur í sér nákvæmasta vörulýsingu tekinn fram yfir vörulið með almennari vörulýsingu. Eins og fram hefur komið eru skilyrði þess að vara geti talist til gagnavinnsluvélar mörg. Skilyrði þess að teljast til afspilunartækis eru hins vegar fá. Lýsing á gagnavinnsluvél er í tollskrá viðamikil en lýsing á afspilunartæki er fábrotin. Verður af þeim sökum ekki annað ráðið en að gagnavinnsluvélar séu sá vöruliður sem hefur nákvæmari vörulýsingu í skilningi túlkunarreglu 3. a.

Í almennum skilningi verður að velja upp spurningunni hvort um sé að ræða afspilunartæki með gagnavinnsluvél eða gagnavinnsluvél með afspilunartæki. Ekki verður framhjá því litið að fjöldinn allur af nútíma vörum inniheldur afspilunarmöguleika (allt frá símum upp í ískápa og örbylgjuofna sem geta spilað tónlist og myndbönd). Þannig er nánast allt á milli himins og jarðar farið að geta leikið tónlist og sýnt myndir. Fæst slíkra tækja sem hafa að geyma slíka afspilunarmöguleika eru þó skilgreind tollalega sem afspilunartæki. Það er því ljóst að afspilunarmöguleiki er mjög almenns eðlis. Það sem er mun sértækara er sá eiginleiki vörunnar að framkvæma gagnavinnslu.

Þá segir kærandi að varðandi skýringu á tollskrárnúmeri 8471 þá sé það grundvallaratriði að ákvæðið veiti enga heimild eða tilefni til rýmri skýringar en samkvæmt orðanna hljóðan. Má í því samhengi minna á niðurstöðu ríkistollanefndar um orðskýringu á tollflokki 4008 í úrskurði 7/2007.

Gagnavinnsluvélar eru almennt með afspilunarmöguleika en afspilunartæki hafa almennt ekki eiginleika gagnavinnsluvéla. Það sé því mjög rúm skýring að fella gagnavinnsluvél undir það að vera afspilunartæki. Aftur á móti sé það hefðbundinn og almennur skilningur að afspilunartæki sé innan gagnavinnsluvélar. Það er því óeðlilegt að afspilunareiginleiki vöru fái einn og sér ráðið tollflokkun vörunnar.

Kærandi vísar til úrskurðar ríkistollanefndar nr. 8/2005 (bls. 6-7) en þar leggur nefndin áherslu á að til staðar þurfi að vera hin ófrávíkjanlegu skilyrði sem mælt sé fyrir í tollskrá. Það sé því efnismeðferð mála óviðkomandi hvaða tilgang vöru hafa ef ekki er til staðar heimild til þess að taka slíkt til skoðunar. Í umræddum úrskurði var slík heimild ekki til staðar frekar en í þessu máli. Hafði því tilgangur vöru í úrskurðinum engin áhrif á tollflokkun hennar og verður ekki séð að tilgangur umræddrar vöru eigi að hafa slík áhrif hér.

Ákvörðun tollstjóra byggir á því að varan sé hljóð- og myndflutningstæki í ljósi meginvirkni tækisins. Það er hins vegar óljóst á hvaða forsendum sú ályktun er byggð. Í það minnsta er ljóst að það er ekki tilgangur framleiðanda vörunnar að meginvirkni hennar sé hljóð- og myndflutningur. Þá kaupa neytendur vörunnar hana ekki í þeim meginvilgangi enda aðrar og ódýrari vörur betur til þess fallnar að mæta þeim þörfum neytandans.

Það er í það minnsta ekki hlutskipti tollstjóra að skilgreina meginvirkni vara. Það má ráða af úrskurði ríkistollanefndar 6/2006 að miklu skiptir við ákvörðun slíks hvaða hlutverk framleiðandi markar vöru sinni:

„Nefndarmenn benda á að enda þótt sjónvarpsmóttakari sé ekki í skjánum við innflutning er ekki sjálfgefið að hann flokkist sem tölvuskjár. Til að svo sé verður tækið að vera byggt af framleiðanda sem slíkt.“ og „Tollflokkun vöru hlýtur hins vegar ávallt að ráðast af því í hvaða tilgangi varan er framleidd en ekki af því hvort unnt sé að breyta vöru með einhverjum hætti eftir innflutning og nota hana til annarra hluta en upphaflega var gert ráð fyrir.“ Þá má einnig geta þess að í úrskurði ríkistollanefndar kemur fram: „Nefndarmenn eru sammála því álitum sem fram kemur í greinargerð tollstjórans í Reykjavík í máli þessu að eingöngu þeir hanskar geti talist rafsuðuhanskar í skilningi tollskrárlaga sem sérstaklega séu framleiddir, viðurkenndir og seldir sem slíkir.“

Þá segir að við úrlausn þessa máls hafi tollstjóri kosið að líta framhjá afdráttarlausri dómafrákvæmd Evrópuþingsmálsins á viðkomandi sviði. Má þar sem dæmi nefna að í nýlegum dómi dómstólsins í sameinuðum málum C-362/07 og C-363/07 var tekist á um meginvirkni tækis sem gat prentað og skannað en hafði einnig þann möguleika að geta ljósritað. Í niðurlagi dómsins var eftirfarandi sett fram:

„If the copying function is secondary in relation to the printing and electronic scanning functions, those machines must be considered units of automatic data-processing machines within the meaning of Note 5(B) to Chapter 84 of the combined nomenclature, which units, by application of Note 5(C) to that chapter, if they are presented in isolation, fall within heading 8471.“

Samkvæmt því sem að ofan hefur verið rakið varðandi meginvirkni vörunnar sem hér um ræðir, er ljóst að hennar meginvirkni er að starfa sem lófátölva og því ber að tollflokka vöruna sem slíka undir tollskrárnúmer 8471.3000.

Kærandi telur að ljóst sé að tenging umræddrar vöru (iPod touch) við aðrar vörur sama framleiðanda (iPod) sé að valda verulegum misskilningi hjá tollstjóra. Það verði hins vegar að ítreka að þessar tvær vörur eru með öllu eðlisólíkar. iPod touch er lófátölva en iPod er afspilunartæki.

Í framhaldi af því vill kærandi vekja athygli á eftirfarandi staðreyndum:

Í fyrsta lagi uppfyllir varan öll hlutlæg tollaleg skilyrði þess að teljast gagnavinnsluvél. (Tollstjóri velur þó að reisa mat sitt á vörunni á huglægum viðmiðum um hver notkun hennar kunni eða kunni ekki að vera.)

Í öðru lagi eru þeir sem kaupa vöruna almennt að versla sér lófátölvu en ekki afspilunartæki. Þannig eru staðgengis- og samkeppnisvörur vörunnar lófátölvur en ekki afspilunartæki. Slíkar vörur flokkast ekki sem afspilunartæki og skekkir það verulega samkeppnishæfni umræddrar vöru.

Í þriðja lagi er brotið gegn jafnræðisreglu með umræddri skilgreiningu vörunnar. Aðrar gagnavinnsluvélar sem hafa afspilunarmöguleika eru ekki skilgreindar sem afspilunartæki. Sem dæmi hafa flest allar lófátölvur sambærilega getu til afspilunar og vara kæranda án þess að skilgreinast sem afspilunartæki. Er vörunni því mismunað að þessu leyti.

Í fjórða lagi er til afspilunartæki frá sama framleiðanda sem ekki er lófatölva. Þeir kaupendur sem leita sér að afspilunartæki kaupa væntanlega það tæki. Þeir kaupendur sem eru að leita sér að lófatölvu kaupa umrædda vöru. Þeir sem kaupa vöruna gera það þ.a.l. til að nota hana sem lófatölvu ellegar keyptu þeir væntanlega aðrar vörur sama framleiðanda sem ekki eru gagnavinnsluvélar.

Í fimmta lagi hefur varan getu til að framkvæma öll þau verkefni sem fram komu í VIII kafla sem eru afspilunargetu þess óviðkomandi.

Það má því spyrja sig hvort að tæki sem leyfir notanda þess að vafra um netið, móttaka og senda tölvupóst, nota samskiptaforrit, skipuleggja sig, framkvæma heimilisbókhaldið og margt fleira sé ekki hætt að teljast afspilunartæki.

Kæran var send tollstjóra til umsagnar með bréfi þann 14. apríl 2010. Var honum veittur frestur til að skila umsögn um kærana til 1. maí. Tollstjóri óskaði efir lengri fresti og var hann veittur. Umsögn tollstjóra barst nefndinni þann 7. maí 2010.

Þar segir m.a. að A., hafi óskað eftir Bindandi álit á tollflokkun vörunnar iPod touch. Bindandi álit um tollflokkun vörunnar var gefið út þann 9. febrúar 2010. Þar var iPod touch tollflokkaður sem hljóð- og myndflutningstæki í ljósi meginvirkni tækisins í tollskrárnúmer 8521.9029 með vísan til almennra reglna um túlkun í tollskrá nr. 1 og 6. Lagaheimild fyrir Bindandi álit um tollflokkun vöru er í 21. gr. tollalaga 88/2005, með síðari breytingum.

Þá segir að áður hafi Tollstjóri gefið út Bindandi álit um tollflokkun vörunnar dags. 2. maí 2008 og frekari rökstuðningur við þá ákvörðun var gefinn út þann 21. október 2008. Fyrri umboðsaðilar vörunnar höfðu óskað eftir álitinu. Kærandi tók fram á umsókn sinni um Bindandi álit iPod touch að hann vissi ekki um afdrif fyrra máls. Tollstjóri kemst að sömu niðurstöðu í báðum álitunum sem er að tollflokka bæri iPod touch í tollskrárnúmer 8521.9029. Niðurstaðan var rökstudd með vísan til þess að varan væri hljóð- og myndflutningstæki í ljósi meginvirkni tækisins og með vísan til almennra reglna um túlkun tollskrár nr. 1 og 6.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að kærandi telji að tollflokka eigi vöruna í tnr. 8471.3000. Tollskrárnúmer 8471 fellur undir XVI flokk tollskrárinnar. Þar flokkast vélbúnaður og vélræn tæki; rafbúnaður; hlutar til þessara vara; hljóðupptöku- og hljóðflutningstæki, mynda- og hljóðupptökutæki og mynda- og hljóðflutningstæki fyrir sjónvarp, og hlutar og fylgihlutir til þess konar vara. 84. kafli er svo undirkafli XVI flokks en tnr. 8471 fellur þar undir. Þar flokkast kjarnakljúfar, katlar, vélbúnaður og vélræn tæki; hlutar til þeirra. Tnr. 8471.3000 tekur svo til sjálfvirkra ferðagagnavinnsluvéla sem ekki vega meira en 10 kg og fela í sér a.m.k. miðstöð, lyklaborð og skjá.

Þá segir í greinargerðinni að í athugasemd 5. E. við 84. kafla tollskrárinnar komi fram hvaða vörur flokkist sem sjálfvirkar gagnavinnsluvélar undir tollskrárnúmeri 8471. Þar segir að vélar sem framkvæma tiltekið verkatriði annað en gagnavinnslu og fela í sér eða vinna í tengslum við sjálfvirka gagnavinnsluvél falla ekki undir 8471 og skulu flokkaðar í viðeigandi vörulið með tilliti til verkatriðis þeirra eða, verði því ekki komið við, í lokavöruliði. Það sem skiptir því meginmáli þegar verið er að tollflokka tæki eins og iPod touch er höfuðhlutverk vörunnar.

Þá vísar tollstjóri til 4. t.l. athugasemdar 5.A. við 84 kafla tollskrárinnar en þar segir að þar flokkast vélar sem eiga að geta framkvæmt, án mannlegra afskipta, vinnsluforrit sem gerir ráð fyrir að þær geti breytt úrvinnslu sinni með rökrænni ákvörðun á meðan á vinnslu stendur. Tollstjóri segir iPod touch ekki hafa þennan eiginleika og því geti varan ekki flokkast sem sjálfvirk gagnavinnsluvél.

Tollstjóri vísar til lýsingar á vörunni sem er á vefsíðu framleiðanda, en hún er svohljóðandi: *iPod® touch featuring Apple's revolutionary multi-touch user interface that enables users to find and enjoy all of their music, videos and more on its gorgeous widescreen display with just the touch of a finger.* Hér er enn ítrekað tónlistar- og kvikmyndahlutverk spilarans. Jafnframt í tæknilegri tilgreiningu á iPod touch af heimasíðu framleiðanda er aðallega fjallað um tónlistar- og kvikmynda-eiginleika spilarans. Höfuðhlutverk iPod touch telst því vera að hýsa og spila stafræna miðla; ljósmyndir, tónlist og hreyfimyndir og þar með leysa hinn hefðbundna iPod af hólmi. Notendur sem hafa aðgang að tónlistarverslun iTunes geta keypt tónlist, kvikmyndir og tölvuleiki þar og sett inn á iPod touch.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að það sem styðji ennfremur þessa skilgreiningu á spilaranum sé, að samkvæmt Binding Tariff Information (BTI) sé iPod touch tollflokkaður sem margmiðlunarspilari í tnr. 8521.9029, en BTI er gagnagrunnur með bindandi álitum ýmissa landa Evrópusambandsins sem ætlað er til að aðstoða við rétta tollflokkingu. Í lýsingu þeirra við tollflokkingu á iPod touch kemur fram að höfuðhlutverk hans er að hýsa og spila stafræna miðla og því flokkist hann sem margmiðlunarspilari.

Þá segir að athugasemdir við XVI. flokk tollskrár styðji þessa niðurstöðu enn frekar en í 3. t.l. segir að leiði ekki annað af orðalagi flokkast vélasamstæður, settar saman í eina heild úr tveimur eða fleiri vélum og aðrar vélar hannaðar til að framkvæma tvö eða fleiri verkatriði, saman eða sér, eins og eingöngu væri um að ræða þann vélarhluta eða þá vél sem gegnir höfuðhlutverkinu.

En meginhlutverk iPod touch er að spila tónlist og kvikmyndir og því getur hann ekki fallið undir tnr. 8471.3000. Þrátt fyrir að hann búi yfir fleiri eiginleikum en að vera tónlistar- og kvikmyndaspilari þá ber að tollflokka hann eins og eingöngu væri um að ræða það hlutverk sem hann er aðallega ætlaður fyrir, eins og fram kemur í athugasemdum við XVI. flokk tollskrár.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að iPod touch hafi verið tollflokkaður undir XVI flokki, 85. kafla. Undir þeim kafla flokkast rafbúnaður og -tæki og hlutar til þeirra; hljóðupptöku- og hljóðflutningstæki, mynda- og hljóðupptökutæki og mynda- og hljóðflutningstæki fyrir sjónvarp, og hlutar og fylgihlutir til þess konar vara. Undir tnr. 8521 flokkast svo myndupptökutæki eða myndflutningstæki (video), einnig með innbyggðum myndmóttakara (video tuner) og er slík flokkun því í samræmi við ofangreindar túlkunarreglur og lýsingar á spilaranum.

Með vísan til ofangreinds rökstuðnings var það því niðurstaða embættisins að iPod touch ætti að tollflokka sem hljóð- og myndflutningstæki í ljósi meginvirkni tækisins í tollskrárnúmer 8521.9029 með vísan til almennra reglna um túlkun í tollskrá nr. 1 og 6. Þá segir að kærandi krefjist þess til vara að iPod touch verði tollflokkaður í tollflokki með sambærilegum lófatölvum frá öðrum framleiðendum.

Vörur sem eru sambærilegar umræddri vöru tollflokkað í sama tollskrárnúmer sbr. ofangreindar túlkunarreglur. Kærandi hefur ekki lagt fram nein gögn sem styðja þá fullyrðingu að sambærilegar vörur tollflokkað í annað tollskrárnúmer en umrædd vara.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að þann 2. maí 2008 hafi verið gefið út bindandi álit um tollflokkað iPod touch og var niðurstaða embættis Tollstjóra sú að tollflokka bæri iPod touch í tnr. 8521.9029.

Í samræmi við 1. mgr. 11. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 ber embættinu að gæta samræðis og jafnræðis í lagalegu tilliti, eins og kærandi bendir einnig á.

Kærandi telur að vörunni sé mismunað og aðrar gagnavinnsluvélar sem hafa afspilunarmöguleika séu ekki skilgreindar sem afspilunartæki. Kærandi bendir þó ekki á nein dæmi, máli sínu til stuðnings. Tollstjóri ítrekar að vélar sem framkvæma tiltekið verkatriði annað en gagnavinnslu og fela í sér eða vinna í tengslum við sjálfvirka gagnavinnsluvél falla ekki undir 8471 og skulu flokkaðar í viðeigandi vörulið með tilliti til verkatriðis þeirra eða, verði því ekki komið við, í lokavöruliði.

Varðandi þá fullyrðingu kæranda að Tollstjóri sé sammála fullyrðingum hans um að varan uppfylli skilyrði þess að teljast gagnavinnsluvél en aðila greini á um hvort heimilt sé að fara út fyrir skilgreiningu tollskrár á gagnavinnsluvél og ef slíkt er heimilt hvaða áhrif það hefði. Tollstjóri segir fyrirnefnda fullyrðingu kæranda ranga og bendir á að kærandi leggi ekki fram neina sönnun þess efnis að embættið hafi talið að varan uppfylli skilyrði þess að teljast gagnavinnsluvél. Það sé óbreytt álit embættisins að það sé meginhlutverk iPod touch að spila tónlist og kvikmyndir og því getur hann ekki fallið undir tnr. 8471.3000.

Þá segir að kærandi haldi því fram að við tollflokkað vörunnar eigi að notast við túlkunarreglu 3.a. þar sem fram kemur hvernig skuli aðhafast þegar til álita kemur að flokka vörur til tveggja eða fleiri vöruliða. Ennfremur að kærandi telji að þar sem lýsing á gagnavinnsluvél sé viðameiri en afspilunartækis verði því að telja að gagnavinnsluvélar séu sá vöruliður sem feli í sér nákvæmstu vörulýsinguna í skilningi túlkunarreglu 3.a. Tollstjóri telur þetta ranga beitingu á túlkunarreglu 3.a. Ef fylgja ætti ofangreindri túlkun kæranda myndu engar vörur flokkaðar sem afspilunartæki, heldur yrði að flokka allar vörur sem hefðu afspilunarmöguleika í flokk með gagnavinnsluvélum. Í öðru lagi þá segir í almennum reglum um túlkun tollskrárinnar við athugasemd 1 að fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum eru einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skal tollflokkað byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skal fylgt þeim athugasemdum sem á eftir fylgja þ.á m. 3a. Þar sem embættið notast við túlkunarreglu 1 við tollflokkað vörunnar er því óheimilt að notast við túlkunarreglu 3a.

Þá segir að kærandi bendi á dóma Evrópudómstólsins í málum C362/07 og mál C-363/07 og telur með vísan til þeirra að Tollstjóri hafi litið framhjá afdráttarlausri dómaframkvæmd Evrópudómstólsins. Í dómunum er tekist á um meginvirkni tækis sem gat prentað og skannað en hafði einnig þann möguleika að geta ljósritað. Embættinu er ekki ljóst hvernig kærandi álitur að embættið sé að líta framhjá fyrirnefndum dómum þar sem um allt aðra vöru er að ræða en kæra máls þessa snýst um og ekki er ljóst hvernig dómarnir tengjast þeirri vöru sem hér um ræðir. Lögbundið er að færa skal vöru til tollflokks samkvæmt almennum reglum um túlkun tollskrárinnar en tollskráin er birt í viðauka I við . nr. 88/2005. Reglur um túlkun skrárinnar eru birtar fremst í skránni. Meginreglan er sú að tollflokkað skal byggð á orðalagi vöruliða og athugasemda við viðeigandi kafla og flokka. Einnig skal flokkað

vara í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi undirliða og sérhverri tilheyrandi athugasemd við undirliði skv. túlkunarreglu 6. Embættið fylgir ætíð ofangreindum, lögbundnum túlkunarreglum, eins og gert var við tollflokkun á iPod touch.

Um þá fullyrðingu kæranda að Tollstjóri geri ekki greinarmun milli varanna iPod touch og iPod segir að embættið taki engar ákvarðanir um Bindandi álit á tollflokkun vöru án ítarlegrar skoðunar á þeirri vöru sem um ræðir og kynnir sér ætíð vöruna til hlítar. Ekki sé um misskilning að ræða hjá starfsmönnum Tollstjóra varðandi ofangreindar vörur né mat á henni sé byggt á huglægum viðmiðum um hver notkun hennar kunni eða kunni ekki að vera heldur sé tollflokkun vara ætíð byggð á staðreyndum og ofangreindum túlkunarreglum.

Tollstjóri krefst þess að hið kærða Bindandi álit um tollflokkun vörunnar iPod touch frá 9. febrúar 2010, tilvísunarnúmer 10 005, sé staðfest.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar þann 21. apríl 2010. Í svari sem barst nefndinni þann 14. maí s.á. gerir kærandi athugasemdir við greinargerð tollstjóra og vísar til þess að í upprunalegri kæru sé hvergi í skilgreiningu á gagnavinnsluvél heimild til að líta til notkunar hennar við tollflokkun. Skilyrði þess að vara verði tollflokkuð sem sjálfvirk gagnavinnsluvél séu tæmandi talin, hlutlæg og skýr. Umrædd vara uppfyllir öll þessi skilyrði. Kærandi vill af þessu tilefni fyrirbyggja allan misskilning um að hægt sé að leita út fyrir umræddan tollflokk með því að vísa á lið 5. e. í 74. tl. 1. gr. auglýsingar nr. 142/2006 sem er svohljóðandi:

„Vélar sem framkvæma verkatriði annað en gagnavinnslu og fela í sér eða vinna í tengslum við sjálfvirka gagnavinnsluvél skulu flokkaðar í viðeigandi vörulið með tilliti til verkatriðis þeirra eða, verði því ekki komið við, í lokavöruliði.“

Samkvæmt orðanna hljóðan vísar töluliðurinn til vélar sem framkvæmir einungis eitt tiltekið verkatriði og skal það vera annað en gagnavinnsla eða vinna tengd sjálfvirkri gagnavinnsluvél. Vill kærandi af því tilefni ítreka að umrædd vara getur unnið fjölmörg verkefni, fullkomlega sjálfstætt og þarfnast ekki tengingar við aðrar vélar til að ná virkni sinni. Fullyrðingar tollstjóra um hið gagnstæða eru að mati kæranda rangar og í raun ámælisverðar.

Þá segir í umsögn kæranda að umræddur e-liður sé auk þess undantekning frá reglu liðar 5. c. í 74. tl. 1. gr. auglýsingar nr. 142/2006 sem tekur á því hvað teljist hluti gagnavinnsluvélar (og tollist því með henni) og hvað ekki.

Er stafliðurinn svohljóðandi:

„Leiði ekki annað af D- og E-lið hér á eftir skal eining talin hluti sjálfvirkrar gagnavinnsluvélar ef hún uppfyllir öll eftirtalin skilyrði.“

Samkvæmt orðanna hljóðan sé því augljóst að umræddur e-liður eigi við um íhluti og viðtengi sem tengjast gagnavinnsluvél og vinna annað verk en gagnavinnslu. Þá verði skírskotun e-liðar til verkatriðis ekki talið geta þýtt annað en að þar sé vísað til afmarkaðs og einstaks atriðis, t.d. tölvuhátalara, utan á liggjandi drif, hýsingar og annað sem flokkast ekki sem gagnavinnsluvél (tölvubúnaður). Kærandi vill ítreka að varan sem hér um ræðir framkvæmir gagnavinnslu, getur unnið sjálfstætt og tengist almennt ekki gagnavinnsluvél.

Varan framkvæmir ekki eitt afviknið verkatriði í samhengi við gagnavinnsluvélf heldur er hún fullgild og sjálfstæð gagnavinnsluvélf.

Kærandi telur að af þessu leiði að umræddur e-liður sé ekki tækur hvað varðar iPod touch lófatölvuna. Hann getur því ekki veitt heimild til að leita út fyrir skilgreiningu umrædds vöruliðar, þ.e. gagnavinnsluvélfar. Þá verði ekki framhjá því litið að tollstjóri hefur ekki tiltekið hvaða skilyrði það eru (sem sett eru fram í 5. A. í 73. tl. 1. gr. auglýsingar nr. 142/2006 og tilgreind eru í upprunalegri kæru) sem varan uppfyllir ekki. Fullyrðingar embættisins, þess efnis að varan sé ekki gagnavinnsluvélf, séu því órökstuddar.

Í ljósi þessa sem og dómafordæmis Evrópuðómstólsins, þar sem fjallað er um hér að neðan, er kærandi fyrirmunað að skilja hvað veldur því að tollstjóraembættið getur ekki fallist á að varan uppfylli skilyrði þess að vera gagnavinnsluvélf.

„Tollstjóri byggir málflutning sinn á athugasemd 5E við 84. kafla tollskrárinnar. Kærandi undrar sig því á að tollstjóri nái ekki að tengja fordæmisgildi dóms Evrópuðómstólsins í máli C-362/07 og C-363/07 við efni þessa máls. Þar tekst dómstóllinn á við álitamál sem er í grundvallaratriðum sambærilegt því máli sem hér um ræðir og af því má að mati kæranda draga nokkurn lærdóm. Í dómnum kemur m.a. orðrétt fram:

“Note 5(E) to Chapter 84 of the combined nomenclature constituting Annex I to Council Regulation (EEC) No 2658/87 of 23 July 1987 on the tariff and statistical nomenclature and on the Common Customs Tariff, as amended by Commission Regulation (EC) No 1719/2005 of 27 October 2005, is to be interpreted as meaning that only machines incorporating an automatic data-processing machine or working in conjunction with such a machine, whose function is not data processing, perform a specific function other than data processing;”

Kærandi telur að ofangreint eigi ekki við um iPod touch lófatölvuna. Eins og margsinnis hefur komið fram vinnur hún algerlega sjálfstætt og er iPod touch lófatölvun fullbúin með öllum þeim eiginleikum sem slíkar lófatölvur eru almennt búnar. Varan þarfnast því ekki samhfæingar (*incorporation*) eða samvinnu (*working in conjunction*) við aðrar gagnavinnsluvélfar. Tækið framkvæmir auk þess umfangsmikla gagnavinnslu. Þar með er ljóst að fortakslaus hugtaksskilyrði athugasemdar 5(E) eru ekki uppfyllt.

Þá segir í umsögn kæranda að með hliðsjón af ofangreindu séu ekki heimildir til þess að leita út fyrir umrædda skilgreiningu tollskrár. Varan uppfyllir skilyrði þess að teljast ferðagagnavinnsluvélf og skal því tollflokkast sem slík. Af því leiðir að meginvirkni vörunnar séu málinu í raun óviðkomandi.

Hins vegar vill kærandi benda á að varan er almennt notuð sem lófatölva og er það án efa meginvirkni vörunnar. Þá hefur hún sem slík margþætt notagildi. Því til stuðnings bendir kærandi á að iPod touch lófatölvun hefur alla þá sömu notkunarmöguleika sem hefðbundin fartölva hefur að geyma.

Þessu til frekari stuðnings bendir kærandi á að varan er m.a. seld til notkunar sem sími enda hefur hún mikla margmiðlunar- og samskiptagetu.

Kærandi telur að það liggir í hlutarins eðli að umrædd vara sé ætluð til notkunar sem lófatölva en ekki einungis sem afspilunartæki. Væri vörunni ætlað það eina hlutverk að vera

afspilunartæki þá væri hún tæplega gædd öllum þeim eiginleikum sem raun ber vitni. Auk þess væri hún ekki samkeppnishæf hvað varðar t.d. verð enda margfalt dýrari en einföld afspilunartæki.

Í ljósi ofangreinds er ljóst að getgátur tollstjóra um meint hlutverk vörunnar fá ekki staðist. Auk þess verður að telja það nokkuð vafasamt að af mörg hundrað eiginleikum vörunar láti tollstjóri aðeins einn þeirra ráða tollflokkun hennar.

Kærandi telur sig knúinn til að vitna til athugasemda við XVI. flokk sbr. c-lið 52. tl. 1. gr. auglýsingar nr. 126/2001 (A-deild Stjórnartíðinda, útgáfudagur 18. desember 2001). Þar kemur fram:

3. Leiði ekki annað af orðalagi flokkast vélasamstæður, settar saman í eina heild úr tveimur eða fleiri vélum og aðrar vélar hannaðar til að framkvæma tvö eða fleiri verkatriði, saman eða sér, eins og eingöngu væri um að ræða þann vélarhluta eða þá vél sem gegnir höfuðhlutverkinu.

Til að taka af allan vafa um að athugasemd þessi gæti átt við umrædda vöru langar kæranda til að benda á tvennt.

- Í fyrsta lagi þá *leiðir annað af orðalagi* enda uppfyllir varan öll skilyrði þess að vera gagnavinnsluvél eins og áður hefur komið fram.
- Í annan stað er *ekki* um að ræða samsetta vöru. Varan er flutt inn sem fullvirk og sjálfstæð eining sem er tilbúin til notkunar.

Það sé því ótækt að beita umræddri athugasemd sem rökum í þá átt að heimilt sé að láta meintan tilgang vörunnar ráða tollflokkun hennar. Þessi liður á einfaldlega ekki við.

Þá segir að tollstjóri hafi ekki tekið umrædda vöru til skoðunar eða kynnt sér hana með beinum hætti þrátt fyrir að hafa staðið það til boða. Tollstjóri virðist einungis byggja greinargerð sína á efni af heimasíðu framleiðanda vörunnar.

Kærandi telur sig því knúinn til að benda á að í úrskurði ríkistollanefndar 8/2005 hafnar nefndin því að bæklingar og heimasíða framleiðanda geti ráðið tollflokkun vöru umfram skýrt orðalag tollskrár. Í umræddum úrskurði slær nefndin því föstu að fyrst og fremst beri að líta til þeirra hlutlægu skilyrða sem verða að vera fyrir hendi. Þau hlutlægu skilyrði er varða skilgreiningu gagnavinnsluvélar eru, eins og áður hefur komið fram, uppfyllt að fullu að mati kæranda.

Vill kærandi einnig benda á þrennt. Í fyrsta lagi geta heimasíður einstaka framleiðenda ekki ráðið tollflokkun og tollskylda verður aðeins reist á lögum en ekki einstaklingsbundnum hugmyndum framleiðanda. Í annan stað er eðlilegt að framleiðendur geri þeim eiginleikum vöru sinnar hátt undir höfði sem eru betrubót þess sem samkeppnisaðilar bjóða upp á. Þannig stæra framleiðendur umræddrar vöru sig eðlilega af framúrskarandi eiginleikum hennar. Og í þriðja lagi kemur einnig fram á heimasíðu framleiðanda þeir hlutlægu eiginleikar vörunnar sem gera hana að gagnavinnsluvél. Tollstjóri kýs hins vegar að líta framhjá þeim eiginleikum í úrskurði sínum.

Þá segir að tollstjóri hafi ekki sýnt fram á hvernig hann tollflokkar sambærilegar vörur þ.e.a.s lófatölvur sem hafa afspilunarmöguleika. Hefur tollstjóri því síður sýnt fram á að til staðar

séu hlutlægir og efnislegir mælikvarðar sem réttlætt geta mismunandi meðferð sambærilegra vara.

Hins vegar er vert að benda á að á vefútgáfu Harmonized Systems Commodity Database sem World Customs Organization („WCO“) heldur utan um er að finna eftirfarandi dæmi um vöru sem fellur innan tollanúmers 8471.3000:

Palm-size electronic organizer (dimensions 11.5 cm x 7.7 cm x 1 cm. Weight: 115g) presented as a set for retail sale, with cradle and software. The front of the device incorporates a touch screen with a writing area and various function keys. The device is supplied with a data transfer/recharging cradle, a metal stylus and spare plastic stylus, CD-ROM with installation software (intended for installation in a personal computer, thus enabling it to exchange data with the electronic organizer), an organizer user manual, a getting started guide, a lithium ion (internal) rechargeable battery, a DB-25 adapter and a protective cover. Its principal applications are as follows: date book, address book, to-do list, memo pad, calculator and expense record keeper. Application of GIR 3 (b).

Í ljósi þessarar skilgreiningar WCO og þeirrar staðreyndar að iPod lófátölvun uppfyllir öll þessi skilyrði telur kærandi vafasamt að skýringar tollstjórans á tollanúmeri 8471.3000 standist skoðun. Í það minnsta eru þær í andstöðu við skilning WCO á sama efni.

Kærandi vill einnig góðfúslega benda á að skv. afdráttarlausri stjórnisýsluframkvæmd Ríkistollanefndar þá hefur tollaleg skilgreining vöru, t.a.m. í Austurríki, engin áhrif á Íslandi. Þá liggur það í hlutarins eðli að fari þarlendir aðilar eftir þeim sömu lagaheimildum og raktar hafa verið hér að ofan er umrædd skilgreining þeirra röng. Röksemdarfærsla um tollflokun innan einstakra ríkja er því með öllu ótæk og í andstöðu við fordæmisgefandi úrskurði Ríkistollanefndar.

Að lokum telur kærandi rétt að geta þess að við upphaf þessa máls bauð kærandi tollstjóra að fá eintak vörunnar til skoðunar. Því hafnaði embættið. Þá kallaði tollstjóri ekki eftir eintaki af vörunni vegna tollflokunar hennar á grundvelli 3. mgr. 21. gr. tollalaga nr. 88/2005. Í því samhengi veltir kærandi því fyrir sér hversu vel tollstjóri hefur uppfyllt rannsóknarskyldu sína í ljósi þess að embættið hefur látið undir höfuð leggjast að taka vöruna til almennrar skoðunar þrátt fyrir að hafa staðið það til boða. Er þetta sérstaklega athugunarvert í ljósi þess að megin ágreiningur þessa máls varðar eðli vörunnar og þá fullyrðingu kæranda að nokkuð skortir á þekkingu embættisins á henni.

Hefði tollstjóraembættið lagt sig fram um að kynna sér umrædda vöru sjálfstætt hefði niðurstaða þess í máli þessu, að mati kæranda, líklega orðið önnur.

Kærandi ítrekar að lokum kröfur sínar og þau sjónarmið sem koma fram í kæru hans.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og farið yfir þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Kærandi krefst þess að flokkun tollstjóra verði felld úr gildi og varan verði tollflokkuð í tnr. 8471.3000. Til vara krefst kærandi þess að ríkistollanefnd tollflokki vöruna í tollflokki með sambærilegum lófátölvum frá öðrum framleiðendum. Tollstjóri flokkar vöruna í tnr. 8521.9029 með vísan til almennra reglna um túlkun tollskrár nr. 1 og 6. Tollstjóri krefst þess að tollflokun í tnr. 8521.9029 verði staðfest.

Nefndarmenn hafa farið til söluaðila og skoðað mjög sambærilega vöru, þ.e. næstu útgáfu á undan iPod touch 4th. Generation. Þá skoðuðu nefndarmenn iPhone. Nefndarmenn hafa einnig kynnt sér umrædda vöru á heimasíðu framleiðanda Apple.

Tæki það sem hér er til umfjöllunar iPod touch er fjölnota tæki til afspilunar á hljóði og mynd. Tækið byggir á stýrikerfi Apple iOS 4.x. Stýrikerfið er sérsniðið fyrir tækið og gefur því fjölbreytta möguleika. Hægt er að bæta við forritum, leikjum, tónlistarforritum, myndforritum osfrv. Tækið kemur með innbyggðum vafra. Tækið byggir á Apple A4 örgjörva sem var fyrst notaður í iPad, seinna í iPhone og síðan í "4th. Generation" iPod Touch. Þessi örgjörvi bætir m.a. eiginleika tækisins í leikjum og gerir samhliða vinnslu mögulega. Tækið kemur með innbyggðan hugbúnað sem kallast Game Center er gefur notanda möguleika á fjölnotendaleikjum á interneti.

Tækið hefur innbyggðan gyro. Gyro skynjar stefnubreytingu og snúning tækisins í notkun og er notað í t.d. leikjum þar sem notandinn snýr eða breytir stefnu tækisins meðan t.d. leikur er spilaður í tækinu. Tækið hefur ennfremur uppsetta "App Store tengingu" með þráðlausu neti eða tengingu við tölvu gegnum tengi á tækinu. App Store er þjónusta sem sett var upp fyrir iPad, iPhone og iTouch.

Tækið hefur innbyggða myndavél 960x720 og HD (720) video möguleika. Tækið er tengjanlegt við önnur tæki með 30 pinna tengi á tækinu. Tækið hefur ennfremur 3.5mm tengi fyrir heyrnartól.

Tækið hefur HD video og MPEG-4 afspilunarmöguleika, Jpeg(M-JPEG) og styður 1024x768 punkta VGA sjónvarpsstaðal með tengistykki (dock), 576x480 punkta Audio Video afspilun með sérstakri snúru frá Apple.

Með tækinu kemur ennfremur möguleiki á tengingu við Nike útbúnað/nema sem notaður er við þjálfun.

Tækinu svipar um margt til fullkominna farsíma sem nú eru á markaðnum. Augljós er samlíking tækisins við iPhone frá Apple. Starfsmenn söluaðila lýstu tækinu sem mjög sambærilegu en án síma. Þannig er hægt að hlaða niður sömu forritum/hugbúnaði í símann og iPod touch "4th. Generation". iPhone síminn og iPod Touch hafa sama örgjörva A4 og sama stýrikerfi iOS og byggja því á svipaðri grunntækni í tölvubúnaðinum. Þrátt fyrir það að um sé að ræða töluverða gagnavinnslu í iPhone, þá flokkast iPhone ekki sem tölva heldur sími.

Á heimasíðu framleiðanda vörunnar, Apple, má sjá ýmsar gerðir af iPod þ.m.t. iPod touch. Þar er einnig hægt að bera saman fjórar gerðir af iPod spilurum þ.e. shuffle, nano, classic og touch. Allir spilararnir eiga það sameiginlegt að vera afspilunartæki fyrir hljóð. Stærri tækin, iPod classic og iPod touch, hafa möguleika á að sýna ljósmyndir og hreyfimyndir (VIDEO). Ljóst er að frá framleiðanda hálfu er meginvirkni tækisins að vera afspilunartæki í sömu vörulínu og önnur iPod tæki.

iPod Touch tilheyrir því hjá framleiðanda, sömu vörulínu og aðrar iPod vörur. Í iPod Touch hefur verið bætt miklum nýjum möguleikum sem krefjast öflugri örgjörva og stýrikerfis. Í nýja útgáfu tækisins var settur sami örgjörvi og notaður er í iPhone. Engu að síður er meginhlutverk tækisins það sama og áður, líkt og símans, þrátt fyrir að öðrum möguleikum hafi verið bætt við.

Ljóst er að í ýmsum nýjum gerðum að rafeindatækjum er margs konar virkni. Við tollflokkun á samsettum tækjum eða tækjum sem hafa marga eiginleika eða virkni geta vissulega komið upp álitafni hvernig flokka beri umrædda vöru, þ.e. hvernig skipa eigi henni í tollskrá. Til að átta sig á tollflokkun vöru þarf í fyrsta lagi að skoða vöruna og átta sig m.a. á meginvirkni og tilgangi vöru, og í annan stað skiptir máli að leita upplýsinga um vöruna, s.s. á heimasíðu framleiðanda. Það getur því skipt máli hvernig framleiðandi kynnir og skilgreinir vöruna. Það er óumdeilt að framleiðandi iPod Touch 4th. Generation kynnir tækið sem afspilunartæki en ekki sem tölvu.

Það er samdóma álit ríkistollanefndar að tollflokka beri tækið iPod touch í tnr. 8521.9029 með vísan til almennra reglna um túlkun tollskrár nr. 1 og 6.

Kærandi vitnar í nokkrum tilvikum til fyrri úrskurða ríkistollanefndar máli sínu til stuðnings. Af gefnu tilefni vill ríkistollanefnd taka fram að ekki verður annað séð en að tilvitnaðir úrskurðir séu í fullu samræmi við tollalög og niðurstöður nefndarinnar í þessu máli.

Ríkistollanefnd úrskurðar með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 og almennra reglna um túlkun tollskrár nr. 1 og 6, að hið kærða álit tollstjórans í Reykjavík sem birt var í Bindandi álitum um tollflokkun vöru nr. 10 005. um tollflokkun á iPod touch í tnr. 8521.9029 sé staðfest.